

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/587****2020/EES/62/13****frá 29. apríl 2020**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2011 um kröfur um auðkenningu loftfars í tengslum við kögun í samevrópska loftrýminu og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja örugga og skilvirka starfrækslu loftfara, flugvalla, rekstrarstjórnunar flugumferðar, flugleiðsögu og evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar er nauðsynlegt að kveða á um tiltekna umbætur á starfrækslureglum í tengslum við notkun loftrýmisins, loftfarsbúnaðar og þeirra ATM-/ANS-kerfa og ATM-/ANS-kerfishluta sem krafist er fyrir notkun loftrýmisins. Því ætti að setja fram nýjar og uppfærðar öryggistengdar kröfur um rekstrarsamhæfi í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 ⁽²⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011 ⁽³⁾.
- 2) Að teknu tilliti til reynslunnar af yfirstandandi framkvæmd kögunargetu um borð í loftförum og getu kerfa á jörðu niðri til að vinna gögn er skilvirk og tímanleg uppsetning loftfarsbúnaðar nauðsynleg til að gera kögunarkeðjunni í heild kleift að öðlast þann ávinning sem vænst er innan þeirra fresta sem settir hafa verið. Breyta ætti viðmiðunum fyrir undanþágur frá kröfunum um að útbúa loftför til að varpa ljósi á það hvaða loftför á að útbúa og hvaða loftför eigi að njóta ávinnings af undanþágu frá þessum kröfum. Nægilegur fjöldi loftfara með búnað ætti að vera fyrir hendi til að viðhalda virkni kerfisins og samtímis ætti það ekki að leggja á neina ótilhlýðilega efnahagslega byrði.
- 3) Verulegur fjöldi loftfara með tiltekinn búnað hefur þegar verið vottaður í samræmi við alþjóðlega reglu um hluta og búnað til flugs fyrir kögunarkerfi sem samsvarar IV. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, þriðju útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 77. Þessi regla er að fullu samrýmanleg við þau kögunarkerfi sem vænst er. Ef krafa er um að nota regluna, sem samsvarar IV. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, fjórðu útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 85, eins og nú er kveðið á um í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011, myndi það hafa í för með sér ótilhlýðilega efnahagslega byrði. Því ætti reglan, sem samsvarar IV. bindi 10. viðauka við

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2020 frá 18. Júní 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um auðkenningu loftfars í tengslum við kögun í samevrópska loftrýminu (Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 23).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu (Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 35).

Chicago-samninginn, þriðju útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 77, að teljast sem lágmarkskrafa. Þar af leiðandi ætti að breyta tæknilegu lágmarksreglunum sem flugrekendur eiga að fara að og mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011.

- 4) Ríkisloftfar, sem starfrækt er í almennri flugumferð, ætti að vera búin starfhæfum ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá í samræmi við kröfurnar sem gilda um almenningsloftförin sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 5. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1207/2011. Verklagsreglur og skilyrði sem tengjast ríkisloftförum sem ekki er hægt að útbúa með starfhæfum ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá ættu áfram að vera þau sem mælt er fyrir um í 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1207/2011.
- 5) Breyta ætti kröfunum um formlegt fyrirkomulag við flutning kögunargagna á milli veitenda flugleiðsöguþjónustu svo þær endurspegli fyrirliggjandi gagnadreifingarsviðsmyndir til að greiða fyrir skiptum á kögunargögnum og koma í veg fyrir ósanngjarnar og íþyngjandi hömlur á þann sem afhendir gögnin.
- 6) Til að tryggja skilvirgni í starfrækslu ríkisloftfara ætti að ákvarða getu evrópska kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar til að tryggja að ríkisloftförin, sem taka þátt í viðkvæmum aðgerðum og þjálfun, geti starfað með úthlutun stakstæðra SSR-kóða og því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2011 til samræmis við það.
- 7) Útbreiðsla heimsfaraldursins vegna COVID-19 og þau áhrif sem hann hefur haft á fluggeirann hefur leitt til ófyrirsjáanlegra hindrana fyrir flugrekendur til að halda áfram því starfi sínu að færa loftför til samræmis við tilteknar kröfur framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1207/2011. Sem afleiðing af því ætti að lengja frest flugrekendanna, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 8. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1207/2011, til 7. desember 2020 og breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 til samræmis við það.
- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2011 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 2. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Reglugerð þessi skal gilda um öll flug, sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan samevrópska loftrýmisins, að undanskildum 3. og 4. mgr. 7. gr., sem skulu gilda um öll flug sem starfrækt eru í tengslum við almenna flugumferð.“

- 2) Í 4. gr. fellur 4. mgr. brott.

- 3) Í stað 5. og 6. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Flugrekendur skulu tryggja að eigi síðar en 7. desember 2020:

- a) séu loftförin sem eru starfrækt fyrir flug, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., búin starfhæfum ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. þeir hafi þá getu sem sett er fram í A-hluta II. viðauka,
- ii. þeir hafi virknisamfellu sem er nauðsynleg til að af þeim stafi ekki rekstraráhætta,

b) séu loftför, með skráðan hámarksflugtaks massa sem er yfir 5700 kg eða með hámarksraunhraða í farflugi sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru fyrir flug, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og hafa sérstakt lofthæfivottorð, fyrst gefið út 7. júní 1995 eða síðar, búin starfhæfum ratsjársvörum fyrir kögunarsvartarsjár sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. þeir hafi þá getu sem sett er fram í A- og B-hluta II. viðauka,
- ii. þeir hafi virknisamfellu sem er nauðsynleg til að af þeim stafi ekki rekstraráhætta,

c) séu fastvængjaloftför, með skráðan hámarksflugtaks massa sem er yfir 5700 kg eða með hámarksraunhraða í farflugi sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru fyrir flug, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og hafa sérstakt lofthæfivottorð, fyrst gefið út 7. júní 1995 eða síðar, búin starfhæfum ratsjársvörum fyrir kögunarsvartarsjár sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- i. þeir hafi þá getu sem sett er fram í A-, B- og C-hluta II. viðauka,
- ii. þeir hafi virknisamfellu sem er nauðsynleg til að af þeim stafi ekki rekstraráhætta.

Ákvæði b- og c-liðar fyrstu undirgreinar skulu ekki gilda um loftför sem eru starfrækt innan samevrópska loftrýmisins og sem tilheyra einum af eftirfarandi flokkum:

- i. flugið fer fram til að koma loftfarinu í viðhald,
- ii. flugið fer fram vegna útflutnings loftfarsins,
- iii. starfrækslu þeirra mun verða hætt eigi síðar en 31. október 2025.

Flugrekendur loftfara með lofthæfivottorð sem fyrst voru gefin út fyrir 7. desember 2020 skulu, eigi síðar en 7. júní 2023, uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í b- og c-lið fyrstu undirgreinar, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- i. að þeir hafi, fyrir 7. desember 2020, komið á fót áætlun um ísetningu endurbótarhlutar sem sýnir fram á að kröfur b- og c-liðar fyrstu undirgreinar hafi verið uppfylltar,
- ii. að þessi loftför hafi ekki notið góðs af neinni fjármögnun frá Sambandinu sem veitt er til að færa slík loftför til samræmis við kröfurnar sem settar eru fram í b- og c-lið fyrstu undirgreinar.

Að því er varðar loftfar, þar sem geta ratsjársvaranna til að uppfylla kröfurnar í b- og c-lið fyrstu undirgreinar er tímabundið óvirk, skulu flugrekendur hafa rétt til að starfrækja loftfarið í samevrópska loftrýminu í að hámarki þrjú daga samfellt.

6. Flugrekendur skulu sjá til þess að loftför, sem eru búin í samræmi við 5. mgr. og með skráðan hámarksflugtaks massa sem er yfir 5700 kg eða með hámarksraunhraða í farflugi sem getur farið yfir 250 hnúta, séu starfrækt með fjölpættum loftnetum (e. *antenna diversity*) með lágmarksafkastagetu, eins og mælt er fyrir um í lið 3.1.2.10.4 í IV. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, þriðju útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 77.“

4) Í 5. gr. fellur 7. mgr. brott.

5) Í 6. gr. fellur 2. mgr. brott.

6) Í 7. gr. fellur 2. mgr. brott.

7) Í stað 3. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríki skulu tryggja að úthlutun á 24 bita ICAO-vistfangi loftfars til loftfara, sem eru búin ratsjársvara sem notar S-starfshátt (e. *Mode S transponder*), uppfylli kröfur 9. kafla og viðbæta hans í III. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, annarri útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 90.“

8) Í stað 1. og 2. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu tryggja að eigi síðar en 7. desember 2020 uppfylli ríkisloftför a-lið 5. mgr. 5. gr.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eigi síðar en 7. desember 2020 uppfylli ríkisloftför til flutninga c-lið 5. mgr. 5. gr.“

9) Í 8. gr. bætist eftirfarandi 8. mgr. við:

„8. Að því er varðar ríkisloftför, þar sem geta ratsjársvaranna til að uppfylla kröfurnar í 1. og 2. mgr. er tímabundið óvirk, skulu aðildarríki hafa rétt til að starfrækja loftfarið í samevrópska loftrýminu í að hámarki þrjú daga samfellt.“

10) Ákvæði 14. gr. falla brott.

11) Eftirfarandi 14. gr. a bætist við:

„14. gr. a

Flugáætlanir

Flugrekendur ríkisloftfara, sem ekki hafa búnaðinn sem tilgreindur er í 3. mgr. 8. gr., og flugrekendur loftfara, sem ekki eru búin í samræmi við 5. mgr. 5. gr. og eru starfrækt innan samevrópska loftrýmisins, skulu nota vísana SUR/EUADSBX eða SUR/EUEHSX eða SUR/EUELSX eða samsetningu þeirra í 18. lið flugáætlunarinnar.“

12) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

13) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum 3. liðar II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ef loftfar sem telst hæft fyrir úthlutun auðsæiskóða, sem ákveðinn er í samræmi við c-lið 6. mgr. 4. gr., yfirgefur loftrýmið eða er með öðrum hætti beint út úr þeim hluta loftrýmisins sem um getur í 1. lið,“.

2) Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) ef ríkisloftfar tekur þátt í þjóðaröryggislega viðkvæmum aðgerðum eða þjálfun þar sem öryggis og trúnaðar er krafist.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Lágmarksgeta ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá skal vera S-starfsháttur (e. *Mode S*), 2. stig, sem uppfyllir afkasta- og virkniviðmiðanirnar í IV. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, þriðju útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 77.“

b) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:

„5. Ratsjársvarinn skal aðeins senda frá sér gagnaaatriðin, sem um getur í 4. lið, í gegnum samskiptareglur S-starfsháttar. Ferlið fyrir vottun loftfarsins og búnaðar þess skal ná til sendinga á þessum gagnaaatriðum.“

c) Ákvæði 6. liðar falla brott.

2) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:

„1. Lágmarksgeta ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá skal vera S-starfsháttur (e. *Mode S*), 2. stig, sem uppfyllir afkasta- og virkniviðmiðanirnar í IV. bindi 10. viðauka við Chicago-samninginn, þriðju útgáfu, ásamt öllum breytingum til og með nr. 77.“

b) Í stað 15. liðar kemur eftirfarandi:

„15. Nema þegar um er að ræða sniðmát sem eru til hernaðarlegra nota skal ratsjársvarinn aðeins senda frá sér gagnaaatriðin, sem um getur í 14. lið, í gegnum ADS-B-samskiptareglur-stóra gagnaskvettu. Ferlið fyrir vottun loftfarsins og búnaðar þess skal ná til sendinga á þessum gagnaaatriðum.“

c) Ákvæði 16. liðar falla brott.

3) Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 2. lið kemur eftirfarandi:

„2. Ratsjársvarinn skal senda eftirfarandi gagnaaatriði, þar sem þau eru tiltæk á rafrænni tengibraut samkvæmt beiðni frá kögunarkeðjunni á jörðu niðri, í gegnum samskiptareglur S-starfsháttar og í samræmi við sniðin sem tilgreind eru í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9871 (2. útgáfa):“

b) Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Ratsjársvarinn skal aðeins senda frá sér gagnaaatriðin, sem um getur í 3. lið, í gegnum samskiptareglur S-starfsháttar. Ferlið fyrir vottun loftfarsins og búnaðar þess skal ná til sendinga á þessum gagnaaatriðum.“

III. VIÐAUKI

Í stað IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 kemur eftirfarandi:

*„IV. VIÐAUKI***Kröfur um að koma á formlega samkomulaginu sem um getur í 2. mgr. 5. gr.**

Formlegt samkomulag á milli veitenda flugleiðsöguþjónustu varðandi skipti á eða afhendingu kögunargagna skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

- a) aðila að samkomulaginu,
- b) gildistíma samkomulagsins,
- c) umfang kögunargagnanna,
- d) gagnlindir kögunargagnanna,
- e) gagnaskiptasnið kögunargagnanna,
- f) afhendingarstað kögunargagnanna,
- g) samþykkt þjónustustig með tilliti til eftirfarandi:
 - uppfyllingu krafna um afköst með tilliti til kögunargagna, eins og ákvarðað er í 3. mgr. 4. gr.
 - verklagsreglna ef loftfar verður óstarfhæft,
- h) verklagsreglur um breytingastjórnun,
- i) samkomulag um skýrslugjöf að því er varðar afköst og tiltækileika, þ.m.t. ófyrirséð truflun,
- j) samkomulag um stjórnun og samræmingu,
- k) samkomulag um vernd og tilkynningar í tengslum við kögunarkeðju á jörðu niðri.“
